

## Breytingartillaga

við frumvarp til laga um náttúruvernd.

Frá meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar (ÓGunn, MÁ, ÁI, AtlG, AMG, LGeir).

1. Í stað orðanna „eftir eigin lögmálum en“ í síðari málslið 1. mgr. 1. gr. komi: á eigin forsendum og.
2. Orðhlutinn „svæðis-“ í b-lið 3. gr. falli brott.
3. Við 5. gr.
  - a. Í stað orðanna „er líkleg til að valda“ í 3. tölul. komi: líklegt er að valdi.
  - b. Orðið „undirtegund“ í 8. tölul. falli brott.
  - c. Í stað orðanna „eftir árið 1750“ í 8. tölul. komi: eftir miðja 18. öld.
  - d. Á eftir 8. tölul. komi nýr töluliður, svohljóðandi: *Garðyrkja*: Útiræktun eða ylræktun garðávaxta, trjáa, runna og annarra plantna til matar, skrauts eða annarra nytja á vel afmörkuðu svæði.
  - e. Á eftir 17. tölul. komi nýr töluliður, svohljóðandi: *Óbyggt víðerni*: Svæði í óbyggðum, að jafnaði a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.
  - f. 18. tölul. orðist svo: *Ræktað land*: Land sem nýtt er til framleiðslu nytjajurta með ihlutun, svo sem sléttun, þurrkun, áburðargjöf, jarðvinnslu, sáningu eða öðrum ræktunaraðgerðum. Land telst óræktað eftir langvarandi notkunarleysi. Skóglendi telst ræktað land þangað til trén hafa náð þeim þroska að venjuleg umferð sakar ekki. Lóð undir frístundahús í notkun telst ræktað land í skilningi laga þessara, sbr. 2. mgr. 1. gr. og 3. tölul. 2. gr. laga um frístundabygð og leigu lóða undir frístundahús, nr. 75/2008.
  - g. Í stað orðsins „er“ í 25. tölul. komi: sem.
  - h. Orðin „og/eða svæði sem fellur undir skilgreiningu skipulagslaga á hugtakinu“ í 26. tölul. falli brott.
  - i. Við 27. tölul. bætist: sbr. lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.
4. Við 6. gr.
  - a. Í stað orðanna „og starfsemi“ í síðari málslið komi: starfsemi, rekstur og önnur umsvif.
  - b. Orðið „framkvæmdaraðili“ í síðari málslið falli brott.
5. Í stað orðsins „aðgerða“ í síðari málslið 9. gr. komi: skilvirkra aðgerða.
6. Í stað orðanna „mun verða“ í 10. gr. komi: kann að verða.
7. 2. másl. 1. mgr. 13. gr. orðist svo: Ráðherra gefur út náttúruminjaskrá og leggur fram á Alþingi, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár.
8. 14. gr. falli brott.

9. Við 15. gr. (sem verði 14. gr.).
- Í stað orðanna „sem kjörin er af sveitarstjórn til fjögurra ára í senn“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: sem sveitarstjórn kys til fjögurra ára í senn, sbr. þó 3. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.
  - Í stað orðsins „kosningu“ í lokamálslið 1. mgr. komi: starfrækslu.
  - Í stað 2.–4. málsl. 2. mgr. komi einn nýr málsliður, svohljóðandi: Skulu þær stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m.a. með fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líklegt er að hafi áhrif á náttúruna, og gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórna og Umhverfisstofnunar.
  2. málsl. 3. mgr. falli brott.
  3. málsl. 3. mgr. orðist svo: Stofnunin, fulltrúar náttúruverndarnefnda og forstöðumenn náttúrustofa skulu halda a.m.k. einn sameiginlegan fund á ári.
  - Orðin „og skal stofnunin gefa út leiðbeiningar um gerð skýrslunnar“ í lokamálslið 3. mgr. falli brott.
10. Við 16. gr. (sem verði 15. gr.).
- Í stað orðsins „framkvæmdaáætlunar“ í 6. málsl. 1. mgr. komi: tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun.
  - Í stað orðanna „Fornleifavernd ríkisins“ í 3. málsl. 2. mgr. og orðanna „Fornleifaverndar ríkisins“ í 6. málsl. 2. mgr. komi: Minjastofnun Íslands; og: Minjastofnunar Íslands.
  - Í stað orðsins „er“ í 6. málsl. 2. mgr. komi: sem.
11. Síðari málsliður 2. mgr. 17. gr. (sem verði 16. gr.) orðist svo: Til umhverfisþings skal boða alþingismenn, fulltrúa stofnana ríkis og sveitarfélaga, fulltrúa samtaka í atvinnulífi, fulltrúa samtaka landeigenda og fulltrúa frjálsra félagasamtaka sem hafa náttúru- og umhverfisvernd og sjálfbæra þróun á stefnuskrá sinni.
12. Á eftir 4. mgr. 18. (sem verði 17. gr.) komi ný málsgrein, svohljóðandi:  
Almenningi er frjálst för um vegi og vegslóða þar sem akstur er heimill samkvæmt kortagrunni, sbr. 32. gr., með þeim takmörkunum og skilyrðum sem kveðið er á um í lögum þessum og í vegalögum, og reglugerðum settum eftir þeim.
13. Við 20. gr. (sem verði 19. gr.).
- Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:  
Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um umferð hjólréiðamanna.
  - 2.–6. mgr. falli brott.
  - Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Umferð hjólréiðamanna.*
14. Á eftir 20. gr. komi ný grein ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:  
*Umferð ríðandi manna.*  
Þegar farið er ríðandi um landið skal fylgt skipulögðum reiðstígum eins og kostur er. Bannað er að reka hrossastóð yfir gróið land þannig að náttúruspjöll hljótist af eða hætta skapist á náttúruspjöllum.  
Á ferð um hálendi og önnur lítt gróin svæði skulu menn hafa tiltækt nægilegt aðflutt fóður fyrir hross sín.  
Heimilt er mönnum, að fengnu leyfi eiganda eða rétthafa eignarlands þegar við á, að slá upp aðhöldum eða næturhólfum fyrir hross, enda valdi það ekki spjöllum á náttúru landsins. Á hálendi skal þeim valinn staður á ógrónu landi sé þess kostur.  
Þegar farið er á hestum um eða höfð viðdvöl með hross á náttúruverndarsvæði, sbr. XIV. kafla, þar sem starfandi er landvörður eða umsjónaraðili skal haft samráð við hann.  
Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um umferð ríðandi manna og rekstur hrossa.

15. Við 21. gr.
- Í stað orðanna „öll skipgeng vötn“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: öll vötn og á vélknúnum bátum um skipgeng vötn.
  - Við 2. másl. 2. mgr. bætist: og um bátaumferð og böð í grennd við veiðistaði.
16. 3. mgr. 22. gr. orðist svo:
- Utan þéttbýlis skal einungis nota tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíla og annan samþærilegan búnað á skipulögðum tjaldsvæðum og svæðum á óræktuðu landi sem tengjast vegum eða slóðum sem heimilt er að aka og þar sem ekki er hætt á skemmdum á náttúrunni.
17. Við 2. mgr. 23. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sé tjaldsvæði í næsta nágrenni eignarlandsins getur eigandinn einnig beint fólki þangað.
18. Við 24. gr.
- Orðin „í atvinnuskyni“ í 1. mgr. falli brott.
  - Á eftir orðinu „eignarlönd“ í 1. mgr. komi: í byggð eða þar sem ónæði gæti valdið við nýttjar.
19. 2. másl. 2. mgr. 25. gr. orðist svo: Sem unnt er skal haft samráð um slíka ákvörðun við fulltrúa ferðapjónustu og útivistarfólks sem ætla má að hyggi á ferðir um svæðið, og ef um eignarland er að ræða skal ætíð haft samráð við eiganda lands eða réttihafa áður en ákvörðun er tekin.
20. Á eftir 1. másl. 1. mgr. 26. gr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkannum aftur.
21. Við 27. gr.
- Á eftir orðinu „einnig“ í 1. mgr. 27. gr. komi: skeldýr og.
  - Á eftir orðinu „jurta“ í 2. mgr. komi: skeldýra.
  - Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:  
Tínsla, sem brýtur í bága við staðfesta ákvörðun Umhverfisstofnunar samkvæmt grein þessari, varðar refsingu, sbr. 90. gr.
22. Við 28. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Brot gegn ákvæði 1. másl. 1. mgr. varðar refsingu, sbr. 90. gr.
23. 31. gr. orðist svo:
- Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum og snævi þakinni jörð utan vega utan þéttbýlis svo fremi jörð sé frosin eða snjóþekjan traust og augljóst að ekki sé hætt á náttúruspjöllum. Heimilt er að stöðva og leggja vélknúnum ökutækjum þétt við veg ef það veldur ekki náttúruspjöllum eða slysaþættu, þó þannig að samræmist ákvæðum umferðarlaga og fyrirmælum yfirvalda er varða umferðaröryggi.
- Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 1. mgr. er við akstur vegna starfa við landbúnað heimilt, ef nauðsyn krefur, að aka utan vega á ræktuðu landi. Heimilt er bændum og búaliði að aka utan vega á landi, utan miðhálandisins, sem sérstaklega er nýtt til landbúnaðar ef ekki hljóttast af því náttúruspjöllum. Við eftirleitir er bændum heimilt að sækja sauðfé inn á miðhálandið á léttum vélknúnum ökutækjum með sex hjólum að lágmarki, enda verði þeim gripum ekki náð með öðru móti og ekki talin hætt á náttúruspjöllum. Einnig er heimilt, ef nauðsyn krefur, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við landgræðslu og heftingu landbrots, vegalagnir, línulagnir og lagningu annarra veitukerfa, björgunarstörf, lögreglustörf, sjúkraflutninga, rannsóknir, landmælingar, landbún-

að og viðhald skála og neyðarskýla með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, kveða í reglugerð á um undanþágur frá banni skv. 1. másl. 1. mgr.

Umhverfisstofnun er einnig heimilt að veita undanþágur vegna annarra sérstakra aðstæðna, svo sem fötluðu fólki, og skal ráðherra í reglugerð samkvæmt grein þessari kveða á um nánari skilyrði fyrir veitingu þeirra.

Í þeim tilvikum sem heimild er til aksturs utan vega er ökumanni skylt að gæta sérstakrar varkárni og forðast að valda náttúruspjöllum. Þeim sem nýta slíka heimild, öðrum en bændum, er skylt að halda skrá um akstur sinn utan vega og veita Umhverfisstofnun aðgang að þeirri skrá þegar óskað er.

Ráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og í samráði við útivistarsamtök og ferðaþjónustusamtök, takmarkað eða bannað akstur á jöklum og snævi þakinni jörð þar sem hætta er á náttúruspjöllum eða óþægindum fyrir aðra sem þar eru á ferð.

Ólögætur akstur utan vega varðar refsingu, sbr. 90. gr.

Sérreglur um takmörkun á akstri utan vega í auglýsingu um friðlýsingu svæðis eða í umsýsluáætlun fyrir svæðið ganga framur undanþágum frá banni við akstri utan vega skv. 1. og 2. mgr.

24. Við 32. gr.

- a. Á eftir 1. másl. 1. mgr. komi nýr máslíður, svohljóðandi: Þar skulu einnig sýndir lokaðir vegslóðar, eftir því sem þurfa þykir, og enn fremur vegslóðar þar sem heimil-uð er takmörkuð umferð, svo sem veiðislóðar meðfram ám og vötnum.
- b. Á eftir orðinu „hagsmunaaðila“ í lokamáslíð 1. mgr. komi: þ.m.t. samtök náttúru-verndarfólks og útivistarmanna.
- c. Á eftir orðinu „kortagrunninn“ í 1. másl. 2. mgr. komi: sem heimilur til aksturs.
- d. Á eftir orðinu „upplæstri“ í 1. másl. 2. mgr. komi: hafa neikvæð áhrif á landslag og ásýnd lands.
- e. Í stað orðsins „vegslóða“ í 3. mgr. komi: heimila vegslóða.
- f. Á eftir orðinu „séu“ í 1. másl. 4. mgr. komi: svo sem kostur er.
- g. Á eftir 1. másl. 4. mgr. komi nýr máslíður, svohljóðandi: Útgefendum korta, þ.m.t. stafrænna korta, er skylt að skrá á kort sín eða í ítarefni sem þeim fylgir útgáfunúmer og útgáfutíma kortagrunnsins sem nýttur er og upplýsingar um aðgang að nýjustu út-gáfu kortagrunnsins, t.d. með vefslóð.
- h. Í stað orðsins „misbrestur“ í 2. másl. 4. mgr. komi: alvarlegur misbrestur.

25. Við 33. gr.

- a. Við 1. másl. 1. mgr. bætist: þegar Alþingi hefur samþykkt þingsályktun um framkvæmdaáætlun.

b. Í stað orðanna „ákveðið hefur verið“ í 2. tölul. 2. mgr. komi: Alþingi hefur ákveðið.

26. Í stað orðanna „gerð framkvæmdaáætlunar“ í 1. mgr. 34. gr. komi: að leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun.

27. Við 35. gr.

a. Í stað orðsins „skipulagt“ í 1. másl. 2. mgr. komi: skipulegt.

b. Í stað orðsins „sé“ í a-, c- og d-lið 3. mgr. komi: er.

c. Í stað orðsins „gegni“ í b-lið 3. mgr. komi: gegnir.

28. Við 36. gr.
- Í stað orðsins „framkvæmdaáætlun“ í 1. másl. 1. mgr. komi: tillögu að framkvæmdaáætlun.
  - Í stað orðanna „jafnframt kynnt á heimasíðu Umhverfisstofnunar“ í 1. másl. 2. mgr. komi: jafnframt á heimasíðu ráðuneytisins og Umhverfisstofnunar.
  - Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:  
Að lokinni kynningu og málsmeðferð skv. 1.–3. mgr. leggur ráðherra fram á Alþingi þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun.
29. Við 37. gr.
- Í stað 2. másl. 2. mgr. komi tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Bannið gildir í þrjá mánuði. Ráðherra er að þeim tíma loknum heimilt að ítreka bannið með sérstakri ákvörðun og gildir það þá þar til auglýsing um friðlýsingu eða friðun hefur verið birt en verði ekki af friðlýsingu eða friðun innan fimm ára frá hinu upphaflega banni fellur það niður.
  - Í stað orðanna „veitingu undanþága“ í 3. másl. 2. mgr. komi: undanþágu.
30. Við 38. gr.
- Í stað orðsins „er“ í síðari málslíð 1. mgr. komi: sem.
  - Í stað orðanna „í samráði við“ og „sveitarfélag“ í 3. másl. 2. mgr. komi: með samþykki; og: sveitarfélags.
31. Við 39. gr.
- Í stað orðanna „Fornleifavernd ríkisins“ í síðari málslíð 1. mgr. komi: Minjastofnun Íslands.
  - Á eftir orðunum „gera við“ í 2. másl. 3. mgr. komi: sveitarfélög og.
32. Við 42. gr.
- Á eftir orðunum „krafist til“ í síðari málslíð 1. mgr. komi: samkvæmt lögum.
  - Við síðari málslíð 1. mgr. bætist: eða ef að öðru leyti eru fyrir hendi aðstæður sem leiða til þess að landeigandi eða réttthafi hafi með réttu mátt gera ráð fyrir að slíkt leyfi yrði veitt.
33. Í stað orðanna „eftir eigin lögmálum“ í fyrri málslíð 2. mgr. 45. gr. komi: á eigin forsendum.
34. Síðari málslíður 1. mgr. 46. gr. falli brott.
35. Í stað orðanna „orkuvinnsla og orkurannsóknir eru óheimilar“ í 2. mgr. 54. gr. komi: orkuvinnsla er óheimil.
36. Á eftir orðinu „nýtingarflokk“ í síðari málslíð 1. mgr. 55. gr. komi: eða biðflokk.
37. Í stað orðanna „gangi hún gegn álit“ í fyrri málslíð 5. mgr. 57. gr. komi: fari hún í bága við niðurstöðu.
38. Í stað orðsins „er“ í lokamálslíð 1. mgr. 58. gr. komi: sem.
39. Við 62. gr.
- Í stað orðanna „ráðuneytis er fer með“ í fyrri málslíð 1. mgr. komi: ráðuneytis sem fer með málefni sem varða.
  - Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Brot gegn ákvæði 2. mgr. og brottnám steinda úr föstum jarðlögum sem brýtur í bága við ákvörðun Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. varðar refsingu, sbr. 90. gr.
40. Við 63. gr.
- Í stað orðanna „yl- eða garðræktar eða hafa verið notaðar til“ í 1. mgr. komi: garðyrkju eða hafa verið notaðar til túnræktar.
  - Í stað orðsins „fimm“ í 1. másl. 4. mgr. komi: sex.

41. Á eftir orðunum „plöntur til“ í 2. mgr. 64. gr. komi: túnræktar.
42. Við 67. gr.
- Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Heimildin nær ekki til dýra og plantna sem heyra undir lög nr. 85/2000, um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.
  - Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Umhverfisstofnun getur samið við sveitarfélög eða félagasamtök um að annast þær aðgerðir sem hér um ræðir, að hluta eða í heild.
43. Við 68. gr.
- Í stað orðanna „við álit um mat“ í 2. mgr. komi: frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats.
  - Við 3. mgr. bætist: sbr. þó 4. mgr.
  - Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Sveitarstjórnnum er heimilt að fresta skipulagsákvörðun samkvæmt framkvæmda-áætlun í allt að tíu ár, þó einungis gagnvart þeim svæðum sem fjallað er um í 54. gr. að frestunarmeild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 48/2011 hafi ekki verið nýtt. Skal tilkynna slíka ákvörðun til Skipulagsstofnunar innan árs frá samþykkt framkvæmda-áætlunar.
44. Við 72. gr.
- Í stað orðanna „slík starfsemi eða framleiðsla“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: starfsemin eða framleiðslan.
  - Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Uppsetning auglýsinga meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis sem uppfylla ekki skilyrði 2. málsl. 1. mgr. eða reglugerðar skv. 2. mgr. varðar refsingu, sbr. 90. gr.
45. Orðin „og eyðijarðir“ í fyrirsögn 73. gr. falli brott.
46. Á eftir orðunum „hæfum aðilum“ í 4. málsl. 2. mgr. 74. gr. komi: svo sem náttúrustofum.
47. Við 76. gr.
- Við 1. málsl. 1. mgr. bætist: og viðkomandi sveitarstjórn.
  - Í stað orðsins „hans“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: við framkvæmdina.
48. Lokamálsliður 1. mgr. 80. gr. falli brott.
49. Í stað orðanna „sem framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi hefur verið veitt til“ í síðari málslíð 2. mgr. 88. gr. komi: sem er framkvæmdaleyfis- eða byggingarleyfis skyld.
50. 90. gr. falli brott.
51. 91. gr. (sem verði 90. gr.) orðist svo:  
Það varðar mann sektum eða fangelsi allt að tveimur árum ef:
- hann framkvæmir eða aðhefst í heimildarleysi nokkuð það sem leyfis eða undanþágu er krafist til samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra,
  - hann brýtur ákvæði 5. mgr. 27. gr., 1. mgr. 28. gr., 31. gr., 4. mgr. 38. gr., 62. gr., 71. gr. eða 72. gr. eða stjórnvaldsfyrirmæli sett á grundvelli þeirra.
- Nú hljóttast af broti skv. 1. mgr. alvarleg spjöll á náttúru landsins og skal maður þá sæta sektum, að lágmarki 350.000 kr., eða fangelsi allt að fjórum árum, nema brot teljist meiri háttar svo að það varði refsingu skv. 179. gr. almennra hegningarlaga. Lágmarksfjárhæð sekta skal taka mánaðarlegum breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Brot skv. 1. og 2. mgr. varða mann refsíabyrgð ef þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Gera má lögaðila sekt vegna brots skv. 1. eða 2. mgr. óháð sök fyrirvarsmanns lögaðilans, starfsmanns hans eða annars á hans vegum í starfsemi lögaðilans. Verður lögaðila gerð refsing þó að ekki verði staðreynt hver þessara aðila hafi átt í hlut. Refsiabyrgð stjórnvalda er bundin sömu skilyrðum, enda hafi verið framið brot skv. 1. eða 2. mgr. í starfsemi sem telst vera sambærileg starfsemi einkaaðila.

Tilraun til brota og hlutdeild í brotum skv. 1. og 2. mgr. eru manni refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Þegar alvarleg spjöll verða á náttúru landsins við framningu brots skv. 31. gr. eða brot gegn því ákvæði telst sérlega vítavert að öðru leyti má gera upptækt með dómi vélknúð ökutæki sem notað hefur verið við framningu brots, nema ökutækið sé eign manns sem ekkert er við brotið riðinn. Ökutæki sem gert er upptækt skal vera eign ríkissjóðs. Hafi einhver beðið tjón við brotið skal hann þó eiga forgang til andvirðisins ef bætur fást ekki á annan hátt.

52. Í stað orðsins „er“ í síðari málslíð 1. mgr. 92. gr. (sem verði 91. gr.) komi: sem.

53. Við 93. gr. (sem verði 92. gr.).

a. Í stað orðanna „þau leyfi sem stofnunin gefur út“ í 1. másl. 1. mgr. komi: afgreiðslu leyfisumsóknna sem stofnunin annast.

b. Í stað orðanna „undirbúning og útgáfu leyfisins“ í lokamálslíð 1. mgr. komi: afgreiðslu erindisins.

54. 95. gr. falli brott.

55. Í stað tilvísunarinnar „4. mgr. 33. gr.“ í 10. tölul. 97. gr. komi: 5. mgr. 37. gr.

56. Í stað 1. másl. 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða komi tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Ráðherra skal eigi síðar en 2015 leggja fyrir Alþingi í fyrsta sinn þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun, sbr. 13. gr. Þegar Alþingi hefur samþykkt framkvæmdaáætlun skal ráðherra gefa í fyrsta sinn út náttúruminjaskrá skv. 33. gr.

